

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Skaftárhreppi 2000.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Skaftárhreppi, sbr. staflíð e, 1. gr. samþykktar frá 29. maí 1995, með síðari breytingum; um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi skal vera kr. 2.500 árið 2000.

Gjaldið skiptist sem hér segir:

Grunngjald kr. 500, sem innifelur akstur, skráningu og eftirlit.

Hundahreinsunargjald, kr. 2.000 á hvern hund sem innifelur lyf og kostnað við hundahreinsun.

Haldi sami aðili fleiri en einn hund greiðist eitt grunngjald kr. 500 og kr. 2000 á hvern hund umfram einn.

Allur kostnaður vegna förgunar og vörslu hunda sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður og bifreiðakostnaður skal greiddur af hlutaðeigandi umráðamanni hunds, sbr. 2. og 3. gr. samþykktar um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi frá 29. maí 1995, með síðari breytingum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps, skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, gildir vegna eftir á innheimtu fyrir árið 2000.

Kirkjubæjarklaustri, 12. febrúar 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Ólafía Jakobsdóttir sveitarstjóri.